

**Ed.**

## **28. Frumvarp til laga**

um friðun Patreksfjarðar fyrir skotum.

Flm.: Gisli Jónsson.

1. gr.

Öll fuglaskot, að undanskildum skotum vegna útrýmingar svartbaks, selaskot og hvers konar önnur veiðiskot skulu hér eftir bönnuð á Patreksfirði fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá Blakknesi í Tálkna yzt.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 500 kr. sekt, auk þess sem byssa sú, sem skotið er með, skal gerð upptæk. Sé brotið itrekað, skal sektin tvöfölduð. Sektarféð rennur í ríkissjóð að hálfu, en að hálfu í sveitarsjóð Rauðasandshrepps.

Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Rúmlega 20 ábúendur við Patreksfjörð og auk þess ýmsir íbúar á Patreksfirði, þar á meðal hreppsnefnd Patrekshrepps, hafa sent Alþingi erindi þess efnis, að samþykka á þessu þingi friðun Patreksfjarðar fyrir skotum á fugla og önnur dýr á firðinum, ef vera mætti, að unnt væri að auka þar fugla- og dýralíf og koma þar á æðarvarpi. Segir svo í bréfi, sem sent er með þessu erindi: „Eins og skjalið ber með sér, er það sameiginlegt áhugamál allra, sem á skjalinu standa, að fjörðurinn verði algerlega friðaður fyrir skotum. Jafnframt er það von og trú okkar, að fugla- og dýralíf muni mjög aukast kringum fjörðinn, ef friðaður verður, og jafnvel teljum við mega vænta þess, að koma megi upp æðarvarpi á nokkrum stöðum. Gangi maður á fjörur hér að vetrarlagi, eftir að menn hafa verið að fuglaveiðum á Patreksfirði, þá er það ekki sjaldgæf sjón að sjá þar vængbrotna, fótbrotna eða á annan hátt limlesta fugla, en þó lifandi, en helsærða af skotum veiðimannanna frá næstu dögum. Slíkt er hryggðarsjón.“

Með tilvísun til þess, sem fram kemur í bréfi þessu og í erindi til Alþingis, sem hirt er hér sem fylgiskjal, er þess vænt, að mál þetta nái fram að ganga þegar á þessu þingi.

#### Fylgiskjal.

Við undirritaðir bændur, sem allir búum á jörðum, sem liggja að Patreksfirði, leyfum okkur hér með virðingarfyllt að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það setji lög um algera friðun Patreksfjarðar, innan línu frá Tálkna í Blakknes, fyrir öllum skotum, þó með hliðsjón af lögum um útrýmingu svartbaks (veiðibjöllu).

Við förum þessa á leit vegna þess, að við teljum mjög líklegt, að hægt sé að koma upp æðarvarpi víða við fjörðinn, ef hann yrði friðaður á þennan hátt. Við teljum ekki nægilegt að friða væntanleg varplönd samkvæmt ákvæðum laga um friðun á æðarfugli, því að ef skot eru heimil kringum varplöndin 9 mánuði ársins, er hætt við því, að fuglinn hænist ekki nóg að, meðan vörpin eru að myndast.

Við teljum, að friðun fjarðarins yrði engum til verulegs meins, því að fugla- og selveiði er þar aðallega stunduð til skemuntunar. Hins vegar teljum við miklar líkur til þess, að friðunin gæti orðið til verulegs gagns.

Treystum við því, að hið háa Alþingi sjái sér fært að verða við þessum tilmiælum okkar.

Sigurður A. Guðmundsson, bóndi, Geirseyri. Þórarinn H. Fjeldsted, Raknadal.

Kristín Magnúsdóttir, Vestur-Botni. Guðmundur S. Jónsson, Vestur-Botni.

Ásbjörn Ólafsson, Skápadal. Konráð Júlíusson, Koti.

Þorst. Kristjánsson, Sauðlauksdal. Valborg Pétursdóttir, Hvalskeri.

Snæbjörn J. Thoróddsen, Kvigindisdal. Ólafur E. Thoróddsen, Vatnsdal.

Ólafur Magnússon, Hnjóti. Guðm. Jón Hákonarson, Hnjóti.

Ingvar Ásgeirsson, Geitagili. Kristj. Júl. Kristjánsson, Efri-Tungu.

Helgi S. Einarsson, Geitagili. Hafliði Ólafsson, Tungu.

Einar Sigurðsson, Sellátranesi. Guðm. Lúther Sigurðsson, Sellátranesi.

Sigurbjörn Guðjónsson, Hænuvík. Kristinn Ólafsson, Hænuvík.

Pétur Ólafsson, Hænuvík.

F. h. Verzlun Ó. Jóhannessonar, Vatneyri,

Garðar Jóhannesson.

F. h. Patrekshrepps, samkv. fundarsamþ., dags. 6. febr. 1943,

Ásm. B. Ólsen.